



SAMNINGUR UM BITASTRAUMSAÐGANG MILLI MÍLU OG VIÐSEMJANDA

Viðauki 7A

VDSL+ á Aðgangssleið 3

Almennt

Um er að ræða fyrirtækjatengingar frá notanda að næsta nettengipunkti (DSLAM) auk flutnings á IP neti. Enginn endabúnaður er innifalinn í vörinni.

VDSL+ er vara sem hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir ýmiskonar gagnaflutning. Á hverri VDSL+ tengingu geta verið ein eða fleiri þjónustutengingar (VLAN).

Endabúnaður og fyrsta stigs þjónusta (þjónusta við endanotanda) er á ábyrgð viðsemjanda.

Verð miðast við að neðra tíðnisvið heimtaugar sé einnig í leigu en gjald fyrir efra tíðnisvið heimtaugar er innifalið í leiguverði. Sé neðra tíðnisvið heimtaugar ekki í notkun greiðist sérstaklega fyrir það

Hraði til notanda er allt að 50 Mb/s og hraði frá notanda er allt að 25 Mb/s

Viðsemjandi ber kostnað við nauðsynlegar lagnir innanhúss, s.s. uppsetningu á línudeili sem Míla gerir kröfu um að settur sé upp á öllum VDSL og VDSL+ tengingum.

Tengingar geta ýmist verið frá símsstöðvum eða götuskápum. Sé um að ræða tengingu frá götuskáp er varaafli ekki til staðar.

Þjónustan er í boði á sömu staðföngum/heimilisföngum og hefðbundnar VDSL tengingar. Nágast má upplýsingar um staðföngin á þjónustuvef Mílu og Míla.is.

Verð

Mánaðargjald hvernar VDSL+ tengingar er 5.420 kr.

Stofngjald hvernar VDSL+ tengingar er 3.166 kr.

Á hverri VDSL+ tengingu á A3 eru í boði allt að 3 þjónustutengingar (VLAN). Innifalið í verði fyrir



VDSL+ tengingu er ein þjónustutenging (VLAN). Óski viðskiptavinur eftir fleiri þjónustutengingum þá er greitt stofnverð fyrir hverja þjónustutengingu (VLAN) 5.946 kr.

Ofangreind verð eru án virðisaukaskatts.